

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Norðurþingi.

*Breyting á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópaskeri.*

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 15. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópaskeri. Breytingin felur í sér aukningu á hámarkslífmassa á laxi úr 400 tonnum í 2.700 tonn. Skipulagssvæðið stækkar um 1,2 ha. Nýtingarland vegna vatnstöku til fiskeldisins verður skilgreint og vex jafnaðarvatnspörf úr 150 l/sek. í 980 l/sek. á ári. Gert er ráð fyrir fjölgun á borholum til vatnstöku úr 8 í 24 og niðurgrafinni lögn frá þeim að fiskeldismannvirkjunum. Innan byggingarreits A1 og A verður heimilt að byggja 1-4 skýli eða hús yfir öll ker innan byggingarreits.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Húsavík, 14. ágúst 2023.*

**Gaukur Hjartarson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 30. ágúst 2023